
Breikkun Grindavíkurvegjar, Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 21. mars 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Vegagerðarinnar, um fyrirhugaða breikkun Grindavíkurvegjar Grindavíkurbæ og Reykjanesbæ skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Breikkun Grindavíkurvegjar nr. 43. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, Efla verkfræðistofa fyrir hönd Vegagerðarinnar, 21. mars 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Grindavíkurbæ með tölvupósti dags. 3. maí 2019
- Reykjanesbæ með tölvupósti dags. 13. maí 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með tölvupósti dags. 30. apríl 2019
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 11. apríl 2019
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 16. apríl 2019

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 16. maí 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Grindavíkurvegur nær frá gatnamótum við Reykjanesbraut að Grindavík og er lengd hans um 13,3 km. Meirihluti núverandi vegstæðis er innan Grindavíkurbæjar en næst Reykjanesbraut er vegurinn innan Reykjanesbæjar. Vegurinn liggur að mestu um landslagsheild sem einkennist af nútímahraunum sem runnu á árunum 1210 til 1240. Umhverfis veginn eru opin svæði sem eru að mestu leyti ósnortin.

Framkvæmdasvæði

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að áformuð er breyting á um 6,5 km kafla Grindavíkurvegjar. Um er að ræða breikkun og aðskilnað akstursstefna. Áætlað er að upphaf framkvæmda verði í um 1,5 km fjarlægð frá vegamótum við Reykjanesbraut og að vegamótum við Bláalónsveg. Um er að ræða breikkun vegarins, gerð hliðartenginga og göngu- og hjólastígs. Bætt verður við akreina á hluta vegkaflans, þ.e. að hann verði 2+1 vegur á um 2,5 km kafla og 2+2 vegur á um 200 – 300 m kafla.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er breytilegt eftir vegköflum, þar sem mismunandi mikil breikkun er fyrirhuguð. Núverandi vegsvæði er um 8 – 12 m á breidd með öryggissvæði og mun breikkun eftir framkvæmdir verða allt frá 10 – 25 m frá miðlínu. Metið er að heildarrask utan núverandi vegsvæðis verði um 13 ha vegna framkvæmdarinnar. Fram kemur að áætluð efnisþörf vegna



framkvæmdarinnar sé rúmlega 40.000 m³, en efni úr uppgreftri verði nýtt eins og kostur sé. Burðarhæft efni verður notað í veguppbyggingu en annað efni verður m.a. nýtt í frágang. Það umframefni sem ekki nýtist verður flutt af svæðinu á efnistökuástand sem er í rekstri.

4 UMHVERFISÁHRIF

Vistgerðir

Fram kemur að ekki hafi verið framkvæmd sérstök gróðurúttekt en þess í stað stuðst við vistgerða- og vistlendakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og hafi verið miðað við um 30 metra svæði út frá miðlínu. Beint áhrifasvæði framkvæmdarinnar nær frá 10 – 25 m frá miðlínu og er í heildina um 13 ha. Tvær gerðir vistlendis eru allsráðandi þ.e. hraunlendi og aðrar landgerðir. Af vistgerðum sem finnast innan svæðisins er mosahraunvist útbreiddust auk þéttbýlis og annars manngerðs lands. Af þeim vistgerðum sem finnast á svæðinu hefur ein mjög hátt verndargildi, þ.e. brokaflóavist. Þær sem hafa hátt verndargildi eru grasmóavist og lyngmóavist.

Umhverfisstofnun mælir með að við uppgæðslu sé fremur nýttur staðargróður heldur en sáning gróðurs sem ekki er fyrir á svæðinu. Slík uppgæðsla getur haft talsvert neikvæð áhrif á ásýnd og landslag svæðisins. Hægt er að græða upp mosapembu og annan lággróður með ýmsum aðferðum t.a.m. með varðveislu svarðlags til að græða svæðin upp aftur eða aðferðum mosauppgæðslu sem beitt var á Hellisheiði vegna vegaf framkvæmda sem gáfu góða raun. Stofnunin telur mikilvægt að eftirfylgni með frágangi og uppgæðslu svæðanna sé tryggt í vöktunaráætlun framkvæmdar og ber leyfisveitendum og framkvæmdaraðilum að sjá til þess.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila er tekið undir athugasemdir Umhverfisstofnunar varðandi frágang svæðisins og mikilvægi þess að frágangur sé eins vandaður og kostur er. Leitast verður eftir að halda svæðinu sem mest óbreyttu miðað við fyrra ástand og þannig að það falli sem best að næsta umhverfi vegarins. Í því samhengi er talið hagkvæmast að nýta staðargróður, auk þess sem litið verði til þeirra reynslu sem fengist hefur við frágang vegaf framkvæmda t.d. á Hellisheiði eins og Umhverfisstofnun bendir á. Eins verður samhliða framkvæmdaleyfi, skýrt nánar frá frágangi og vöktun á árangri frágangaðgerða.

Landslag og jarðminjar

Fram kemur að vegurinn liggja um landslagsheild sem einkennist af nútímahraunum. Viðbótarrask verður út fyrir núverandi vegstæði en áhrif á landslag og ásýnd eru metin óveruleg þar sem viðbótaráhrif af þessari breikkun er ekki talin umfangsmikil og ekki breyta núverandi landslagseinkennum svæðisins. Óhjákvæmilegt rask verður á hrauni við framkvæmdina í jaðri núverandi vegsvæðis en framkvæmdasvæðinu og vinnusvæði verður haldið í lágmarki til þess að rask verði sem minnst. Áætlað er að um 2 ha af hrauni muni raskast.

Umhverfisstofnun bendir á að megin umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði rask á óröskuðu nútímahrauni sem nýtur verndar skv. ákvæðum laga um náttúruvernd og er stofnunin sammála mati framkvæmdaraðila um að þessi áhrif verða talsvert neikvæð.

Umhverfisstofnun áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á jarðmyndunum með verndargildi er góður frágangur rasksvæða, forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að markmið framkvæmdaraðila er að frágangur verði með besta móti og þannig sé dregið úr áhrifum á jarðmyndanir. Er það í samræmi við greinargerð og viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar.

Menningarminjar



Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að óhjákvæmilega þurfi að raska þeim minjum sem lenda innan framkvæmdasvæðisins. Að mati framkvæmdaraðila yrði það að mestu leyti gamli Grindavíkurvegurinn sem liggur meðfram núverandi vegi og sker hann á nokkrum stöðum. Aðrar minjar sem verða fyrir raski eru þústir og töftir sem staðsettar eru innan við 20 m frá miðlínu núverandi vegar. Leggur framkvæmdaraðili til að allar minjar verði merktar á framkvæmdasvæði og kynntar í útboðsgögnum, bæði í texta og á teikningum þannig að tryggt verði að tekið sé tillit til þeirra og ef mögulegt er, komist hjá því að raska þeim.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að 14 skráðir minjastaðir séu innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar. Að mati stofnunarinnar þarf að girða viðkomandi fornleifar eða minjastaði af á áberandi hátt til að verja þær raski. Tvo minjastaði metur stofnunin svo að þeir hafi talsvert hátt verndargildi og leggst því stofnunin alfarið gegn því að hróflað verði við þeim minjum og telur þar að auki nauðsynlegt að þær verði girtar af á áberandi hátt til að verja þær raski.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til þeirra mótvægisáðgerða sem lagðar eru til af Minjastofnun Íslands.

Áhrif á vatnafar

Fram kemur að vatnstökusvæði HS Veitna í Lágum er staðsett vestan við Grindavíkurveg og sjái það stórum hluta Suðurnesja fyrir neysluvatni. Þar er ferskvatnslagið um 40 metra þykkt og nær niður á um 58 metra dýpi. Þegar komið er niður á 70 metra dýpi er grunnvatnið orðið fullsaltur jarðsjór. Líklegt er að aðstæður undir framkvæmdasvæðinu séu svipaðar.

Fram kemur að vegna staðsetningar framkvæmdarinnar á grann- og fjarsvæði vatnsverndar sé nauðsynlegt að leggja fram mótvægisáðgerðir og hafa viðbragðsáætlanir í gildi í samræmi við í reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Í greinargerð framkvæmdarinnar er sett fram samskonar viðbragðsáætlun og við óhappi á vatnsverndarsvæðum Reykjavíkur og nágrennis.

Umhverfisstofnun og Grindavíkurbær benda á að gæta þurfi sérstaklega að jarðvegs- og grunnvatnsmengun þar sem framkvæmdin er að hluta innan grann- og fjarsvæðis vatnsvernda og sé mikilvægt að huga vel að mótvægisáðgerðum og að viðbragðsáætlanir séu í gildi.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingar Grindavíkurbæjar og Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að vel sé hugað að vatnsverndarsvæði við Grindavíkurveg vegna framkvæmdanna. Framkvæmdaraðili bendir á að gerð sé grein fyrir slíkum aðgerðum og áætlunum í greinargerð framkvæmdarinnar.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2010 – 2030 og Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2015 – 2030.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Einnig leyfi frá Minjastofnun Íslands, verði nauðsynlegt að raska fornminjum.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um breytingu á um 6,5 km kafla Grindavíkurvegar, þ.e. breikkun og aðskilnað akstursstefna. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, slyshættu, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til varna gegn mengun neysluvatns og sérstæðra jarðmyndana.

Fyrirhuguð framkvæmd mun fylgja núverandi vegi, en vegna lagfæringa á vegfláum og tengingum er umfang á raski utan núverandi vegstæðis áætlað alls um 13 hektarar. Framkvæmdirnar eru því að mestu á landi sem þegar hefur verið raskað en hefur í för með sér frekari skerðingu á óróskuðu landi, þar af á um 2 hekturum eldhrauns sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd og ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Skipulagsstofnun telur að sýnt hafi verið fram á að óhjákvæmilegt er að rask verði á fyrrnefndum jarðminjum svo fyrirhuguð breikkun núverandi vegstæðis geti átt sér stað.

Ekki er um umfangsmiklar framkvæmdir að ræða og munu fyrirhugaðar framkvæmdir bæta umferðaöryggi með því að aðskilja akstursstefnur með vegriði auk endurbóta á vegamótum. Á framkvæmdatíma má gera ráð fyrir að rykmengunar gæti auk þess sem tímabundin truflun verði á umferð um veginn.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru að hluta innan skilgreindra svæða á náttúruminjasrá sem nefnast Sundhnúksröðin og Fagridalur og Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjá. Áhrif framkvæmdarinnar á þessi svæði eru að mestu leyti nú þegar komin fram með núverandi vegi.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er að hluta innan grann- og fjarsvæðis vatnsverndar og ber framkvæmdaraðila að gæta að viðeigandi mengunarvörnum. Í greinargerð framkvæmdaraðila er gerð grein fyrir slíkum aðgerðum og áætlunum.

Að lokum þarf við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum, fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum og afturkræfni þeirra sbr. tölulíð 3 í 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við endurbætur á hluta Grindavíkurvegjar felast fyrst og fremst í raski á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar náttúruverndarlaga, gróðri og hugsanlega á fornminjum auk mögulegrar hættu á mengun vatns. Áhrif röskunar á eldhraun verða varanleg en að mati Skipulagsstofnunar bundin við afmarkað svæði næst veginum. Vegagerðin áformar mótvægisáðgerðir til verndar umræddum fornminjum með hliðsjón af ábendingum Minjastofnunar og unnið verður að uppgræðslu með staðargróðri, reynist þess þörf. Skipulagsstofnun telur að ef vel tekst til við að verja náttúru- og menningarminjar fyrir raski með þeim aðgerðum sem Vegagerðin áformar þá verði áhrif framkvæmdanna fyrst og fremst bundin við þann tíma sem framkvæmdir standa og svæðið er að jafna sig eftir frágang.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. júlí 2019.

Reykjavík, 31. maí 2019



Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson